

**Nd.** **242. Breytingartillögur** [143. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Geir Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný gr. sem orðist svo:  
1. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:  
Fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga.
2. 1. gr. orðist svo:  
10. gr. laganna orðist svo:  
Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar, ákveðið hámark þess afla, sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum. Ákvörðun sína um þetta efni skal ráðherra kynna Alþingi fyrir lok hvers árs. Skal Alþingi síðan fjalla um mótun fiskveiðistefnu og ákveða stefnuna með þingsályktun.  
Þingsályktun um fiskveiðistefnu fjallar um forsendur fiskveiðistefnu komandi árs. Við ákvörðun sína skal Alþingi taka tillit til þess að atvinna verði sem samfelldust, að sem mest hagkvæmni fái við nýtingu fiskstofnanna og að þess sé gætt að ekki verði gengið á stofnana. Í ályktun Alþingis skal ákveða forsendur ákvörðunar ráðherra um skiptingu hámarksafla á skip.
3. Á eftir 1. gr. komi ný gr. sem orðist svo:  
Á eftir 10. gr. laganna komi ný gr. sem verði 11. gr. og orðist svo:  
Ráðherra skipar nefnd til að fjalla um framkvæmd fiskveiðistefnu. Í henni eiga sæti fulltrúar fiskverkenda, útgerðarmanna, sjómanna og verkafólks í fiskvinnslu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.  
Nefndin getur heimilað flutning aflaleyfa. Óheimilt er að selja aflaleyfi, en nefndin getur ákveðið að fella niður aflaleyfi ef eftir því er óskað. Þá skal nefndin í ákvörðunum stuðla að sem mestu samræmi milli veiða og vinnslu.  
Þeir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta, geta skotið málum sínum til nefndarinnar ef þeir telja sig órétti beitta.
4. Á eftir 1. gr. komi önnur ný gr. sem orðist svo:  
Á eftir 10. gr. laganna komi ný gr. sem verði 12. gr. og orðist svo:  
Ekki verður með stoð í lögum þessum ákveðið aflamark á handfæra- eða línubáta. Þó er heimilt að ákveða heildarmark fyrir línuveiðiskip.
5. Aftan við frv. komi svohljóðandi **ákvæði til bráðabirgða**:  
Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skal sjávarútvegsráðherra gera tillögu til Alþingis um framkvæmd fiskveiðistefnunnar 1984 með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í greininni. Skal Alþingi þá hafa lokið umfjöllun sinni um málið fyrir lok janúarmánaðar.